

AFSTÖÐUMYND 1:500

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
06 NOV. 2013
Byggingarfulltrúi

ÁSBORGIR 19, brunavarnir

Texti unninn af Mannvit verkfræðistofu.

Almennt.

Húsið Ásborgir 19 er einnar hæðar bygging á steyptum sökklum og steyptri bontplötu en útveggir eru úr timburgrind og þak með kraftsperrum, útveggir og þak eru einangruð með steinull, veggir klæddir með plötuklæðningu og þak með málmklæðningu.

Forsendur brunavarna.

Í húsinu er rekið hótel með 14 tveggja manna gistiherbergjum, þar með fellur það í „Notkunarflokk 4" samkvæmt byggingarreglugerð nr 112/2012. Þess ber þó að geta að engin tengd starfsemi er í þessu húsi einungis er um gistiherbergi að ræða ásamt einu ræstiherbergi og sameiginlegum gangi. Þarna er engin móttaka, matsalur né eldhús.

Brunahólf:

Hvert gistiherbergi er í sér brunahólfi, gangur í miðju húss er einnig í sérbrunahólfi og ræstiklefi líka. Þakrýminu er skipt upp í tvö brunahólf. Veggir milli brunahólfa eru EI60 og hurðir að herbergjum eru EI230 CSm. Samkvæmt því er húsið hólfað niður í 15 brunahólf. Auk þess er þakrými ofan einangrunar skipt í tvö brunahólf með EI60 vegg. Þar er ekkert rafmagn né annað sem getur valdið íkveikju. Loftræsistokkar úr blikki frá baðherbergjum liggja neðan við einangrun og ofan loftaklæðningar í herbergjunum og opnast út fyrir neðan þakkant.

Klæðningar:

Klæðningar innanhúss, bæði lofta- og veggjaklæðningar uppfylla ekki að vera í fl. 1, eins og krafa er um skv. gr. 9.6.8. í byggingarreglugerð. Í loftum er „Meister Tertio 200 ceilingpanel" og á veggjum er „Royal wallpanel".

Til þess að uppfylla meginmarkmið byggingarreglugerðar eins og þau eru sett fram í gr. 9.1.1. og vega upp á móti þeim ágalla að klæðningar eru í fl. 2 hefur verið ákveðið að setja vatnsúðakerfi í allt húsið. Þetta er gert í samræmi við aðferð í lið „b". í gr. 9.2.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Brunaöryggi telst vera a.m.k. jafnmikið með þessari aðgerð og ef klæðningar væru í fl. 1 því reynslan sýnir að vatnsúðakerfi slekkur eða heldur niðri eldi í 95-98% tilfella.

Flóttaleiðir úr hótelherbergjunum eru mun betri en ákvæði reglugerðarinnar segja til um. Það ásamt því að vatnsúðakerfi er í öllu húsinu gera það að verkum að ásættanlegt er að klæðningar séu í flokki 2. Einnig má benda á að brunahólfanir í þessu húsi eru góðar og brunahólf lítil.

Brunaviðvörunarkerfi:

Í húsinu er sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi sem gefur brunaboð um allt húsið og til móttöku hótelssins ásamt viðurkenndrar vakstöðvar. Kerfið er viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis verður í móttöku hótelsins. Við stjórnstöð verður sett upp yfirlitsmynd af kerfinu. Kerfið verður þjónustað af aðila sem er viðurkenndur af Mannvirkjastofnun.

Flóttaleiðir

Flóttaleiðir eru betri en ákvæði í kafla 9.5. í byggingarreglugerð um flóttaleiðir kveða á um. Hvert herbergi hefur tvær fullgildar flóttaleiðir önnur leiðin er beint út um dyr á útvegg og hin fram á sameiginlegan gang sem hefur útganga í baðum endum. Settar verða upp flóttaleiðateikningar og viðbraðgsáætlun vegna eldsvoða í hvert herbergi sbr. gr. 9.5.2. í byggingarreglugerð.

Neyðarlýsing og út- ljós:

ÚT- og neyðarlýsing er á sameiginlegum gangi í miðju hússins. Neyðarlýsing og út-ljós eru í samræmi við byggingarreglugerð 112/2012, ÍST EN1838:1999, ÍST EN 50172:2004 og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar 160.BR3.

Slökkvikerfi:

Í allt húsið verður sett vatnsúðakerfi, svokallað heimiliskerfi (residential). Vatnsúðakerfið verður hannað í samræmi við INSTA 900-1-2010 og miðað við að húsið flokkist sem „Type 1" samkvæmt staðlinum. Gert er ráð fyrir að kerfið ráði við að opnist þrír úðastútar í einu. Reiknað er með að kerfið verði yfirfarið og úttekið af viðurkenndum aðila í samræmi við íslenskar reglur. Nánari upplýsingar um slökkvikerfið er að finna á sérteikningum.

Slökkvitæki:

Handslökkvitæki eru við báðar útidyrnar á ganginum. Handslökkvitæki eru skv. gr. 9.4.4. í byggingarreglugerð og leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3.

Ásborgir 19. Grímsnesi
landnr: 199025
Staðgreinir: 13350190

Sótt er um að að breyta veggja og loftaklæðningu í hótelinu.

Bílastæði:
3 bílastæði eru fyrir fatlaða og merkingar og lóðarlýsing verður í samræmi við gr. 6.2.3.
Alls eru 14 stæði fyrir húsið.
Aðkoma að húsi og inngangshurðir séu samkvæmt gr. 6.4.2 byggingarreglugerðar m.a. með sjálfvikum opnunarbúnaði.

Frágangur inni:
Gluggar eru tréglluggar málaðir að innan. Léttir innveggir á milli herbergja eru gipsveggir með 120mm leiðurum með víxluðum veggjastoðum með 100mm s steinull, klæddir með tvöföldu 13mm gipslagi hvorum megin. Utan á vegginn er sett 34mm lagnagrind sem er fyllt með steinull og síðan klædd með 11mm Royal veggpanlel. Á gögnum er veggpanill settu beint á gipsið.Loft eru klædd með 1x13mm gipsi upp við sperrur síðan kemur 120mm lagnabil fyrir ljós og útloftun frá böðum,á grind er sett 13mm gips og á það 9,5mm Meister loftapanill. Steinflísar eru á gólfum með WPT 4mm hljóðeinangrunarsdúk undir flísum.
Hafa rafmagnsopnun á aðalinngangshurð

Herbergi fyrir hreyfihamlaða eru næst inngangi, þ.e. 3 herbergi af alls 14 herbergjum í húsinu, fyrir framan þau er forstofa / snúningsflötur sem er um 2,0 x6,0 m. Þar fyrir innan tekur við herbergisgangur sem er 1,50 m að breidd. Vísað er í grein 6.4.4 lið b í byggingareglugerð.
" Utan við hurðir , á gangi eða svalagangi, skal vera hindrunarlaus flötur , minnst 1,80m x ,80m.
Heimilt er að víkja frá þessu ef gangur er a.m.k. 1,5m breiður"

Öll gluggalaus rými verða loftræst.
Niðurföll eru í öllum votrýmum.

Út og neyðarlýsing skal vera í húsinu skv. byggingarreglugerð ÍST EN 1838.
Neyðarlýsing skal vera á flóttaleiðum.
Neyðarlýsing og útljós skulu búin rafhlöðum.
Í húsinu er sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vakstöð.

Hita- og þrifakerfi
Upphitun hússins verður með gólfhitakerfi, innsteyptu í plötu sem fæðist frá fjarvarmakerfi. Við húsið eru 2 heitir pottar sem eru með læsanlegu öryggisloki . Hæð upp á barm setlaugar skal vera minnst 0,40 metra frá göngusvæði og annar frágangur sé í samræmi við gr. 12.10.4

Frágangur úti
Sökklar og botnplata eru staðsteypt með járnbentri steynsteypu . Burðargrind hússins er 50X150 mm og er og klætt með Scanexel plötum í ljósum lit. Húsið er einangrað með 150 mm steinull. Þakið er byggt upp með kraftsperrum og borðklæðningu, þakpappa og þakjárni. loftklæðningu. Þakið er einangrað með 220 mm þakull ofan á sperrur.
Gler í gluggum er tvöfalt K-gler.

Frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða nr. 19 og 23

Kólnunartölur	
U-gildi útveggja	0,40 W/m²K
U-gildi þaks	0,20 W/m²K
U-gildi útveggja vegið meðaltal	0,85 W/m²K
U-gildi gólf	0,30 W/m²K
U-gildi glugga	2,00 W/m²K
U-gildi útveggja	3,00 W/m²K

Stærðir

Flatarmál húss br	441,0m²
Rúmmál húss br	1.971,8 m³
Lóðarstærð	3925,0 m²
Nýtingarhlutfall	0,11
Bílastæðafjöldi	14 st.

Húsið er teiknað af JAT Hönnun.
Jeannot A. Tsirenge arkitekt
og umhverfishönnuði.

B5 04.02.2014 veggjaklæðning í flokki 2 og sprinkler settur í allt húsið
B4 21.01.2014 breyting á veggja- og loftaklæðningu

B3 13.11.2013 Húsi snúið, gluggar á baðherbergi austurhlið

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:

ÁSBORGIR 19
801 SELFOSSI
AFSTÖÐUMYND

Teiknað af: OKF
Yfirfarið af: HG

Dagsetning: 09.10.2013
Mælikvarði: 1:500

Halldór Guðmundsson 140548-2439
Freyr Frostason 170470-4869
Oddur Kr Finnbjarnarson 280259-3229
Ragnar Auðunn Birgisson 230160-4499
Samúel Guðmundsson 011063-4039

THG ARKITEKTAR

Faxafen 9 108, Reykjavík kt. 440703 - 2590
sími: 545 1600 thg@thg.is www.thg.is

13-037 04-01
Verknúmer Númer Útgáfa